

Sp. 159. Tillaga til þingsályktunar [79. mál]

um lán til byggingarsjóðs ríkisins, byggingarsjóðs Búnaðarbankans og veðdeildar Búnaðarbankans af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1958.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ásgeir Bjarnason, Karl Kristjánsson, Páll Þorsteinsson, Ágúst Þorvaldsson, Halldór Ásgrímsson, Eiríkur Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fram sem lánsfé 25 milljónir króna af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1958 til byggingarsjóðs ríkisins, byggingarsjóðs Búnaðarbankans og veðdeildar Búnaðarbankans.

Fjárhæðin skiptist þannig:

15 milljónir króna til byggingarsjóðs ríkisins.

5 milljónir króna til byggingarsjóðs Búnaðarbankans.

5 milljónir króna til veðdeildar Búnaðarbankans.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu hafa aflað sér upplýsinga um það, að á síðastliðnu ári hefur orðið nokkur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði. Á hinn bóginn varð rúmlega 20 millj. kr. greiðsluhalli árið 1957. Þennan halla þurfti að sjálfsögðu að greiða af greiðsluafgangi ársins 1958, enda hefur það verið gert. Greiðsluafgangurinn 1958 mun hins vegar gera talsvert betur en jafna hallann frá 1957. Fyrir því leggjum við flutningsmenn þessarar þátttil. til, að af greiðsluafgangi síðasta árs verði 25 millj. kr. varið til þess að lána byggingarsjóði ríkisins, byggingarsjóði sveitanna og veðdeild Búnaðarbankans.

Það mun öllum háttv. alþingismönnum vera kunnugt, að fjárþörf ofangreindra stofnana er tilfinnanleg. Byggingarsjóð ríkisins mun vanta tugi milljóna króna til að geta bætt úr brýnni þörf með lán til þeirra, sem eru að reisa íbúðir. Enda þótt fjárhæð sú, er flutningsmenn leggja til að gangi til byggingarsjóðs ríkisins, nægi engan veginn til viðbótar þeim tekjum, er sjóðurinn hefur, til að fullnægja fjárþörf sjóðsins, mun unnt að bæta með fé því aðstöðu allmargra og koma í veg fyrir þá hættu, að ýmsir þeir, er þegar hafa lagt fram mikla vinnu og eigið fé, missi eignarrétt á íbúðum, sem í smíðum eru, eða framkvæmdir tefjist óeðlilega til tjóns fyrir þá, er í hlut eiga, og þjóðarheildina.

Byggingarsjóður Búnaðarbankans hefur nú að fullu ráðstafað til útlána því fé, er hann hafði yfir að ráða á s. l. ári. Hins vegar munu liggja fyrir óafgreiddar umsóknir um lán úr sjóðnum, og óvíst er um tekjur hans á þessu ári. Hér er því lagt til, að byggingarsjóður Búnaðarbankans fái 5 millj. kr. til útlána.

Á árinu 1957 tókst fyrrverandi ríkisstjórn að útvega veðdeild Búnaðarbankans 5 millj. kr. að láni. Annað 5 milljóna króna lán útvegaði fyrrverandi ríkisstjórn veðdeildinni nokkru fyrir síðustu áramót. Þrátt fyrir þessar fjárútteganir munu nú liggja fyrir hjá veðdeildinni lánsbeiðnir, er nema háum fjárhæðum. Það er því ekki að ástæðulausu, að hér er lagt til, að veðdeild Búnaðarbankans fái að láni 5 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs s. l. ár.